

Göngu og gleðivika fyrir alla fjölskylduna

# Á fætur í Fjarðabyggð 24. júní - 1. júlí 2017

## Laugardagur 24. júní

Kl. 10:00

**1. Göngu og bátsferð á Barðsneshorn 577 m**  +   
**2 mismunandi útfærslur.**

**Mæting við Safnahúsið (rautt hús) í miðbæ Neskaupstaðar** þaðan sem bátur flytur fólk að Barðsnesi.

1. Gengið frá Barðsnesbænum og út með Rauðubjörgum og yfir á Mónes. Steingervinga í fjörunni leitað. Gengið út á Barðsneshorn og þaðan inn á Barðsnes.  
Leiðsögumaður: Sævar Guðjónsson.
2. Styttri söguganga á Barðsnesi með viðkomu í Skollaskarði á Vatnshól og við Rauðubjörg.  
Fararstjóri: Sigurborg Hákonardóttir.

Báturinn tekinn til baka um kl. 18:00.

Leiðsögumaður: Sævar Guðjónsson, 698 6980.

Verð kr. 5.000 (bátsferð innifalin í verðinu).

**Nauðsynlegt er að skrá sig í þessar ferðir hjá Sævari Guðjónssyni, 698 6980 eða [mjoeypri@mjoeypri.is](mailto:mjoeypri@mjoeypri.is), fyrir kl. 12.00 föstudaginn 23. júní.**

Kl. 21:00

**Kvöldvaka í Randulffs-sjóhúsi Eskifirði**

**Víkingakonan Guðríður Þorbjarnardóttir víðförla (leikin af Þórunni Clausen)** mætir á svæðið og segir ferðasögu sína.

Verð kr. 1.000.

## Sunnudagur 25. júní

Kl. 9:00

**2. Gönguferð Viðfjörður – Sandvík – Vöðlavík** 

**Mæting kl 9:00 við Mjóeyri** þar sem sameinast er í bíla. Ganga hefst kl 10:00 frá Viðfjarðarbænum.

Gengið um Sandvíkurskarð (520 m) til Sandvíkur og áfram um Gerpisskarð (680 m) til Vöðlavíkur, u.þ.b. 20 km. Fólk sótt til Vöðlavíkur og bílar sóttir í Viðfjörð.

**Mjög krefjandi ganga fyrir göngugarpa.**

Leiðsögumaður: Sævar Guðjónsson, 698-6980.

Verð kr. 3.000.

Kl. 15:00

**3. Fjöruferð í Vöðlavík** 

**Mæting við Karlsstaði, skála Ferðafélags Fjarðamanna í Vöðlavík. (4x4)**

Ekið frá skálanum og út að Vöðlum þaðan sem gengið er út á Landsenda. Minjar um útræði frá Vöðla-  
höfn o.fl. skoðað.

Fararstjóri: Gísli Guðjónsson, 8437974

Verð kr. 1.000 fyrir fullorðna.

**Kl. 17:00**

#### **Strandpartý á sandinum í Vöðlavík.(4x4)**

Í umsjá Ferðapjónustunnar Mjóeyri og Ferðafélags Fjarðamanna.

Mæting við bergganginn Refshala utan við eyðibýlið Vöðla á norðanverðum sandinum.

Varðeldur, sandkastalasmíði, leikir og lifandi tónlist.

**Grillveisla í boði Landsbankans**

**Kl. 21:00**

#### **Minningarkvöldvaka um Andy Dennis á Randulffs-sjóhúsi**

Í boði Ferðapjónustunnar á Mjóeyri. Myndasýning, sögur, tónlist og léttar veitingar.

Aðgangur ókeypis

## **Mánudagur 26. júní**

**Kl. 10:00.**

#### **4. Gengið á Hólmaticind 985 m (eitt af fjöllumum fimm)**

Mæting við Sómastaði í Reyðarfirði

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 8647694.

Verð kr. 2.000 fyrir fullorðna.

**Kl. 18:00**

#### **5. Fjölskylduganga upp með Njörvadalsá**

**Mæting Reyðarfirði, á planinu við gatnamótin til Fáskrúðsfjarðar (þar sem upplýsingaskiltið er)**

Gengið inn með ánni, fossar, fallegar bergmyndanir og grashvamar skoðaðir.

Fararstjóri: Þóroddur Helgason, 8608331.

Verð kr. 1.000 fyrir fullorðna

**Kl. 20:00**

#### **Kvöldvaka í golfskálanum á Reyðarfirði**

Lifandi tónlist með þeim Andra Bergmanni og Seljan systur.

**Veitingar í boði Egersund Ísland**

## **Þriðjudagur 27. júní**

**Kl. 10:00**

#### **6. Gengið á Goðaborg 1132 m (eitt af fjöllumum fimm)**

**Mæting við Tandrastaði, innan við Naumamel, í Fannardal Norðfirði**

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.

Verð kr. 2.000.

**Kl. 17:30**

#### **7. Staðarháls**

**Mæting við brúna inn í Seldal í Norðfirði**

Gengið um Hólagötur og upp í hálsinn að sunnanverðu, yfir hann og niður að norðanverðu. M.a skoðað Hálshús, Melshorn, Réttarhvamm og svo gengið aftur að brúnni.

Fararstjóri: Þórður Júlíusson, 8918036

Verð kr. 1.000 fyrir fullorðna.

**Kl. 20:30**

**Kvöldvaka í Beituskúrnum á Norðfirði**

Í umsjá Ferðafélags Fjarðamanna.  
Veitingar í boði Sildarvinnslunnar

## Miðvikudagur 28. júní

**Kl. 10:00**

**8. Gengið á Hádegisfjall 809 m (eitt af fjöllumum fimm)**



**Mæting á bílastæðið við gangnamunnann, Reyðarfjarðarmegin**

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.

Verð kr. 2.000.

**Kl. 18:00**

**9. Gengið að Halakletti**



**Mæting við Kolfreyjustað í norðanverðum Fáskrúðsfirði**

Gengið frá Kolfreyjustað um Staðarheiði að Halakletti.

Fararstjóri: Eypór Friðbergsson, 8652327

Verð kr. 1.000.

**Kl. 20.00**

**Kvöldvaka í Norðurljósahúsi Íslands og safninu Frakkar á Íslandsmiðum á Fáskrúðsfirði**

Kvöldvaka og veitingar í umsjá Göngufélags Suðurfjarða.

Verð kr. 1.000

## Fimmtudagur 29. júní

**Kl. 10:00**

**10. Gengið á Kistufell 1239 m (eitt af fjöllumum fimm)**



**Mæting við Áreyjar í Reyðarfirði**

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 864 7694.

Verð kr. 2.000.

**Kl. 17.30**

**11. Fjölskylduganga að Einbúa í Stöðvarfirði**



**Mæting við bæinn Stöð**

Gengið inn Jafnadal að Einbúanum, hægt að ganga að steinboganum í Álftafjalli.

Fararstjóri: Solveig Friðriksdóttir 8658184

Verð kr. 1.000.

**Kl. 20:30**

**Kvöldvaka og grillveisla í Steinasafni Petru Sveinsdóttur á Stöðvarfirði**

Steinasafnið skoðað o.fl. skemmtilegt.

Grillveisla í boði Óseyrar.

## Föstudagur 30. júní

**Kl. 10:00**

**12. Gengið á Svartafjall 1021 m** *(eitt af fjöllumum fimm)*



**Mæting á gamla Oddsskarðsveginn Eskifjarðarmegin**

Hátíðleg stund í lokin, þar sem verið er að klára fjöllin fimm.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, 8647694.

Verð kr. 2.000.

**Kl. 14:00**

**13. Gengið á Harðskafa (650 m)**



**Mæting við Eskifjarðarkirkju**

Gengið frá kirkjunni upp með Bleiksá upp í Ófeigsdal og þaðan inn Harðskafa inn í Þverárdal. Fetað í fótspor Erlendar úr bókinni Harðskafi eftir Arnald Indriðason.

Leiðsögumaður: Sævar Guðjónsson, 6986980.

Verð kr. 1000.

**Kl. 20:00**



**Sjóræningjakvöldvaka á Mjóeyri við Eskifjörð.**

Lifandi tónlist, varðeldur, fjársjóðsleit og fleira skemmtilegt fyrir krakka á öllum aldri.

Aðgangur ókeypis.

## Laugardagur 1. júlí

**Kl. 10:00**

**14. Gönguferð að flugvélaflaki á Valahjalla**



**Mæting innan við bæinn Karlsskála við norðanverðan Reyðarfjörð.** Þeir sem vilja sameinast í bíla, mæting á Mjóeyri kl 9:30. Gengið frá Karlsskála um Karlsstaðaskriður upp á Valahjalla (350 m) þar sem flugvélaflak þýskrar Henkel 111, orustuflygvélar, verður skoðað.

Leiðsögumaður: Sævar Guðjónsson, 698 6980.

Verð kr. 3.000

**Kl. 20:00**

**Lokakvöldvaka á Mjóeyri**

Útisvið, lifandi tónlist, varðeldur, veittar viðurkenningar Gönguvikunnar og fleira.

**Grillveisla í boði Eskju.**

Aðgangur ókeypis.

**Kl. 22.00 – 01.00**

**Sjöhúspartí á Randulffs sjóhúsi.**



**Andri Bergmann Þórhallsson sér um fjörið.**

18 ára aldurstakmark.

Aðgangur 1.000 kr.

Allar gönguferðirnar eru tölusettar og á kortinu hér að aftan er upphafsstaður ferðanna merktur ásamt helstu stöðum er tengjast gönguvíkunni.

**Hægt er að kaupa Gönguvíkukort sem veitir aðgang að öllum viðburðum gönguvíkkunnar Kortið fæst hjá Ferðapjónustunni Mjóeyri, Tanna travel, á Randulffs-sjóhúsi og hjá fararstjórum göngu- og gleðivíkkunnar. Kortið kostar 15.000 kr.**

Hægt er að kaupa göngukort Ferðafélags Fjarðamanna og Göngufélags Suðurfjarða á eftirtöldum stöðum.

**Neskaupstaður:** Fjarðasport, Nesbær og Hótel Edda.

**Eskifjörður:** Randulffs-sjóhús, Shellskálinn og Ferðapjónustan Mjóeyri.

**Reyðarfjörður:** Söluskáli Olís, Veidiflugan og Íslandspóstur.

**Stöðvarfjörður:** Brekkan.

**Mjóifjörður:** Sólbrekka.

**Egilsstaðir:** Upplýsingamiðstöð ferðamanna.

**Frítt er fyrir 16 ára og yngri í gönguvíkuna,** nema annað sé tekið fram, en skilyrði er að börn séu í fylgd með fullorðnum.

Unglingar 15 ára og yngri þurfa aðeins þrjú fjöll til að hljóta nafnbótina Fjallagarpur Fjarðabyggðar í fimm fjalla leiknum.

#### **Fjallagarpur gönguvíkkunnar:**

Til þess að hljóta nafnbótina Fjallagarpur Gönguvíkkunnar þarf að safna stimplum á fjallstoppunum fimm í sérstakt stimplhefti sem afhent er af fararstjórum. Fullstimplað hefti er afhent fararstjóra í lok síðustu göngu og er veitt viðurkenning á lokavöldvöku Göngu og gleðivíkkunnar fyrir afrekið. Unglingar fimmtán ára og yngri fá einnig viðurkenningu eftir að hafa gengið á þrjú af fimm verðlaunafjöllum að eigin vali. Börn og unglingar verða að vera í fylgd fullorðinna.

#### **Gönguvíkufjöllin fimm eru:**

Hólmatindur 985 m, Goðaborg í Fannardal 1132 m, Hádegisfjall 809 m, Kistufell 1239 m, Svartafjall 1021 m.

#### **Sundlaugar í Fjarðabyggð:**

**Norðfjörður:** Útilaug með vatnsrennibrautum, pottum, gufubaði, líkamsræktarstöð og frábærri sólbaðsaðstöðu. Opið virka daga frá 06:00-20:00 og um helgar frá 10:00-18:00.

**Eskifjörður:** Útilaug með vatnsrennibrautum, heitum pottum, gufubaði og líkamsræktarstöð. Opið virka daga frá 06:00-21:00 og um helgar frá 10:00-18:00.

**Stöðvarfjörður:** Lítil útilaug með heitum potti, opin virka daga frá 13:00-19:00 og um helgar frá 13:00-17:00.